



„ Hver er ávinningurinn af frekari myndgreiningu ef ég hef nú þegar greint sjúkdóminn? “

Ef klínísk rannsókn hefur veitt nægilegar upplýsingar til greiningar, kann frekari myndgreining að vera ónauðsynleg

Telur þú að fyrirliggjandi upplýsingar nægi til greiningar? Telur þú að myndgreining gæti breytt greiningunni eða haft áhrif á ákvörðun um meðferð? Er rétt að bíða og sjá hvernig málin þróast? Myndgreining er gagnleg ef niðurstaða hennar, hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð, hefur þýðingu fyrir greiningu og meðferð sjúklings.

Það er ekki réttlætanlegt að nota rannsókn með jónandi geislun ef tilgangurinn er eingöngu að róa sjúklinginn eða láta honum líða betur.

Ræddu þetta við sjúklinginn þinn

Hagsmunum sjúklings er best borgið ef komist er hjá óþarfa myndgreiningu



Ávinningur sjúklinga

- Þeir verða ekki fyrir óþarfri jónandi geislun
- Þeir þurfa ekki að eyða tíma í óþarfa rannsókn, né að bíða eftir niðurstöðunum
- Meðferð getur hafist án tafar
- Þeir spara kostnað og fyrirhöfn



Viðeigandi notkun myndgreiningar bætir heilbrigðisþjónustu fyrir alla, bætir aðgengi og minnkar kostnað

Jónandi geislun?

Röntgenceislun getur valdið skemmdum á frumum líkamans og getur aukið líkur á krabbameini seinna á lífsleiðinni. Talið er að þessi áhætta sé í beinu hlutfalli við geislaskammt og aukist því með fleiri rannsóknum. Til eru aðferðir sem draga úr geislaskammti sjúklings án þess að skerða greiningargildi rannsókna. Ef klínísk ástæða er til myndgreiningar og viðeigandi tækni er notuð við framkvæmdina þá vegur ávinningur af rannsókninni þyngra en áhætta vegna geislunar.

Ónauðsynleg myndgreining

Sjúklingar hafa stundum óraunhæfar væntingar um gagnsemi myndgreiningar og því er mikilvægt að ræða við þá í hvaða tilvikum myndgreining er gagnleg og hvenær ekki. Ýmis samtök röntgenlækna hafa gefið út ráðleggingar sem hægt er að styðjast við, til dæmis:

- Canadian Association of Radiologists: [Eight Tests and Treatments to Question](#)
- Norsk radiologisk forening: [Gjør kloke valg](#)

Ræddu þetta við sjúklinginn þinn